

HÚSÖNDIN

63.tbl. 2.árg.
22.maí 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir husondin@gmail.com

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 23.-30.MAÍ

- 23.5 *Roman Jerzy Nowak, Birgir Steingrímsson*
25.5 *Friðrik Steingrímsson*
26.5 *Karolina Aleksandra Wróbel*
27.5 *Þóra Ottósdóttir, Ingunn Eva Halldórsdóttir*
28.5 *Þuríður Pétursdóttir, Hrafnhildur Huld Hinriksdóttir, Sonja Rut Stefánsdóttir*
29.5 *Tómás Novák, Bjarnfríður Valdimarsdóttir, Arngrímur Geirsson, Bergþóra Eysteinsdóttir*



Ort í gufunni 21.maí 2019

Við elli berst með vopni og verju.

Og virðist sigur hafa brátt.

Ég yngist nú með ári hverju
og endurnýjast smátt og smátt

höf. Friðrik Steingrímsson

Friðrik Steingrímsson á afmæli næsta laugardag en Húsöndin náði á honum í gufu en þess má geta að hann fékk nýtt hné fyrir ekki svo löngu.Húsöndin óskar honum innilega til hamingju með afmælið.



Endurmenntun Ibhi

Trjáfellingar og grisjun með keðjusög

Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt þar sem fjallað verður m.a. um fellingartækni, öryggisatriði og rétta líkamsbeitingu.

Haldið 6.-8. júní á Egilsstöðum og Hallormsstað




www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

Reiðmaðurinn

Tveggja ára nám ætlað fróðleiks- fúsum hestamönnum og áhuga- fólki um reiðmennsku sem vill auka við þekkingu sína og færni í reiðmennsku, hrossarækt og almennu hestahaldi.

Hefst haust 2019 á Egilsstöðum



Tónasmíðjan
og gestir kynna

TÓNLEIKASÝNINGIN

LÍFIÐ er núna / ROKKUM gegn krabbameini

Í samkomuhúsinu á Húsavík

sunnudaginn 26. maí n.k. klukkan 20:00

Miðaverð 2000 krónur
„fyrstir koma fyrstir fá“



Heiðursgestur:
Landsþekkti stórsöngvarinn Páll Rósinkranz

Kynnir:
Birkir Blær Óðinsson
„sigurvegari söngvakeppni framhaldsskólanna 2018“

Hljómsveit:
Árni Gestur Arnarsson, trommur og slagverk
Elvar Bragason, kassagítar og hljómsveitastjórn
Guðni Páll Jóhannesson, rafmagnsgítar og slagverk
Guðni Rúnar Helgason, hljómborð og píanó
Heron Veras, bassi
Sigurjón Sigurdsson, trommur og fiðla
Viðir Pétursson, bassi
Ottó Páll Arnarson, rafmagnsgítar
Práinn Maríus Bjarnason, kassagítar

Söngvarar:
Aðalsteinn Júlíusson
Auður Þorgerður Jónsdóttir
Bylgja Steingrimsdóttir
Dagný Diego Elvarsdóttir
Elísabet Anna Helgadóttir
Hafdís Inga Kristjánsdóttir
Hólmfríður Bjartey Hjaltalín
Hrefna Ósk Davíðsdóttir
Kristjana Freydís Stefánsdóttir
Natalia Piorunek
Rebekka Phillips
Sigurður Helgi Illugason
Viðja Karen Vignisdóttir



Minningar- og styrktartónleikar Ágóði af sýningunni mun renna í KRAFT - félags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandenda þeirra en Kraftur er 20 ára um þessar mundir.



HREYFIVIKA
HREYFIVIKA.IS UMFÍ

MÝVETNINGUR

Nú fer hin árlega hreyfivika að hefjast og við í Mývetning ætlum að bjóða upp á nokkra viðburði. Við byrjum okkar hreyfiviku aðeins fyrr en ráðgert er og endum hana einnig aðeins fyrr. Í töflunni hér að neðan má sjá viðburðina í hreyfivikunni og hvetjum við alla íbúa Mývatnssveitar til að fjölmenna og taka þátt með okkur en það er frítt í alla viðburðina.

Föstudagur 24. maí	Laugardagur 25. maí	Sunnudagur 26.maí	Mánudagur 27.maí	Þriðjudagur 28.maí	Miðvikudagur 29.maí	Fimmtudagur 30.maí
Hraunhlaupið 9,4 km hlaup frá Dimmuborgum í Jarðböðin. Kl.18:00	Mývatnsmaraþon við Jarðböðin. Maraðon kl.10:00 21 km kl.12:00 10 km kl.13:00 3 km kl.13:00	Fjölskylduratleikur í Dimmuborgum kl.11:00. Mæting við innganginn. Umsjón: Linda og Auður	Hjólaferð fyrir alla fjölskylduna kl. 17:00. Mæting við Reykjahlíðarskóla. Umsjón: Gummi	Tabata kl.17:15 – 18:30 í Íþróttahúsinu. Umsjón: Ragnhild	Zumba Kl.17:00-18:00 í Íþróttahúsinu. Kennarar: Valerija og Ingibjörg Helga	Ganga í Dimmuborgum kl.17:00 Umsjón: Jóhanna Hittumst við innganginn – hver velur sinn hring og fer á sínum hraða.
			Yoga-lates kl.18:45- 20:00 í Íþróttahúsinu. Umsjón: Angela	Ganga á Vindbelg kl.19:30. Hittumst á bílastæðinu. Umsjón: Kristinn		
		Fótbolti kl.20:00 á sparkvellingnum		Fótbolti kl.20:00 á sparkvellingnum		Fótbolti kl.20:00 á sparkvellingnum

AUGLÝSING

um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendu

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir skv. meginreglu stjórnsluréttarins eftir aðila til að nýta lóð F2505366 undir aðstöðuhús fyrir dagdvalar- og tjaldgesti í Drekgagili. Lóðin er skilgreind á deiliskipulagi hálandsmiðstöðvar í Drekgagili, síðast breytt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps 15. október 2018. Á lóðinni er gert ráð fyrir húsi með almennu þjónusturými og þurrkaðstöðu fyrir tjaldgesti. Ekki er gert ráð fyrir sölu á gistirými til ferðamanna í húsinu.

Auglýst lóð er á svæði sem er hluti þjóðlendu í Ódáðahrauni skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2007 og innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 fara hlutaðeigandi sveitarstjórnir með leyfisveitingar innan þjóðlendu aðrar en við koma vatns- og jarðhitaréttindum, vindorku, námum og öðrum jarðefnum innan þjóðlendu, sem eru á hendi forsætisráðuneytis sbr. 2.mgr. 3.gr. laga nr. 58/1998. Þar sem umrætt svæði er innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs þarf leyfi þjóðgarðsins til að nýta land og landsréttindi á svæðinu skv. 3. mgr. 15. gr. b laga nr. 60/2007 og gengur sú leyfisveiting framur leyfisveitingu sveitarfélaga skv. lögum nr. 58/1998.

Þættir sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi, en ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Hvernig viðkomandi hyggst nýta lóð undir aðstöðuhús fyrir dagdvalar- og tjaldgesti í Drekgagili, og hvernig sú nýting samræmist skilmálum deiliskipulags, Landsskipulagsstefnu og skilmálum í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er varða t.d. leiðarljós og markmið um viðhald, vernd og þróun.
- Hönnun og frágangur mannvirkja. Vatnajökulsþjóðgarður gerir kröfu um að hönnun og frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi og heildarásýnd svæðisins.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af ferðapjónustu á miðhálandinu, s.s. rekstri gistiskála og tjaldsvæða.

Upplýsingar um deiliskipulag svæðisins, þ.m.t. breytingu sem staðfest var 15. október 2018, má nálgast á vef Skipulagsstofnunar:

<http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?numer=4446>

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til Vatnajökulsþjóðgarðs á netfangið hannakata@vjp.is eigi síðar en 5. júní n.k.



**REYKJAVIK
DISTILLERY**
THE ORIGINAL FROM ICELAND



64° Reykjavík Distillery / Icelandair Hotel Mývatn

Verið velkomin í kokteil & smárétta smakk föstudaginn 31. Maí

Við höfum fengið til liðs við okkur Snorra Jónsson bruggara & eiganda Reykjavík Distillery ásamt gesta barþjóni. Saman munu þeir leiða okkur í allan sannleikann í bruggi & bragði. Í framhaldi verður sér kokteilleiðill með vörum 64° Reykjavík Distillery fram eftir kvöldi á tilboði

Smakkið hefst klukkan 19:00 og þáttökugjald eru litlar 4.500 kr

Vonum að sjá sem flesta





Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum

– ókeypis rútuferð laugardaginn 25. maí -

Skútustaðahreppur býður upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Síðasta rútuferð á þessari önn er á laugardaginn 25. maí n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 10.00 laugardaginn 25. maí n.k. (athugið breytta tímasetningu). Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 464 4163 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

- Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn.
- Nú þegar er ókeypis fyrir börn yngri en 6 ára.

Að öðru leyti vísast til gjaldskrár sundlaugarinnar: https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/gjaldskrar/2019/sundlaugin-a-laugum_gjaldskra-2019.pdf

Sumaropnunartími sundlaugarinnar á Laugum:

- Opið alla daga frá kl. 10-21.

Athugið:

Í samræmi við reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er börnum yngri en 10 ára óheimill aðgangur að sund- og baðstöðum nema í fylgd með syndum einstaklinga 15 ára eða eldri. Ekki skal leyfa viðkomandi að hafa fleiri börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.